

VÍSIR

DAGBLAÐ

Útgefandi: BLAÐAÚTGÁFAN VÍSIR H.F.

Vísir kemur út 300 daga á ári, ýmist 8 eða 12 blaðsíður.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Hersteinn Pálsson.

Skrifstofur blaðsins eru í Ingólfsstræti 3.

Ritstjórnarskrifstofur blaðsins eru opnar frá kl. 8,00—18,00.

Aðrar skrifstofur frá kl. 9,00—18,00.

Afgreiðsla: Ingólfsstræti 3, opin frá kl. 9,00—19,00.

Sími: (11660 (fimm línur)

Vísir kostar kr. 25.00 í áskrift á mánuði,

kr. 2.00 eintakið í lausasölu.

Félagsprentsmiðjan h.f.

Tilraun sem reyndist dýr.

Stórsigur Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórnarkosningunum 1958, hefði átt að vera Hermann Jónassyni og ríkisstjórn hans nægileg sönnun þess, að þjóðin væri andvíg þeirri stjórnarstefnu sem fylgt hafði verið undanfarið 1½ ár. Hvernig átti þjóðin að sýna andúð sína á nýkommúnismanum, hinni svokölluðu „vinstri stefnu“? Auðvitað með því að fylkja sér um þann stjórnsmálaflokk, sem varaði hana við afleiðingum þeirrar sambræðslu, sem Hermann Jónasson hafði barist fyrir um langt skeið. Það hefði sjálf-sagt verið erfitt fyrir Hermann að snúa við í ársbyrjun 1958. Hann hafði þá enn einhverja von um að fyrirætlun sín myndi heppnast, enda þótt hann hefði þá þegar átt að vita að þetta fyrir-tæki hans var dauðadæmt.

Það er vafalaust rétt, sem Jónas Guðmundsson, fyrrv. alþingism. hélt nýlega fram í ágætri tímaritsgrein: að „Hermann Jónasson hefur alla tíð síðan (1934) dreymt um að skapa úr Framsókn, Alþýðuflokknum og þeim hluta kommúnistaflokksins, sem ekki fylgir Moskvulínu skilyrðislaust, eina öfluga vinstri fylkingu, sem gæti farið með völd og ráð hér á landi, og jafnvel um áratugaskeið, líkt og gerzt hefir í Noregi og Svíþjóð.“

Eins og menn muna tókst Hermann að bræða þessi öfl saman til stjórnarsamvinnu sumarið 1956, og þótti ýms-um vel af sér vikið. Mikilvægt atriði í þeim undirbúningi var samþykktin frá 28. marz, um brottför varnarliðsins, sem kommúnistar gripu fegins hendi og vildu fylgja fast eftir, en Framsókn og Alþýðuflokkurinn ætluðu sér frá upphafi að svíkja! Kommúnistum hefur réttilega verið núð því um nasir, að þeir hafi farið sér hægt í kröfunni um framkvæmd samþykktarinnar um brottför varnarliðsins, meðan þeir voru í ríkisstjórn. En þess ber að gæta, að með aðstöðu sinni í ríkisstjórninni gátu kommúnistar, komið ár sinni svo vel fyrir borð á ýmsum öðrum sviðum, að það hefði verið barnaskapur af þeim, að láta ágreininginn um varnarliðið valda samvinnuslitum — enda daft þeim það aldrei í hug.

Draumur Hermanns Jónassonar um að kljúfa kommúnistaflokkinn rættist ekki. Það var mikið pólitískt áfall fyrir Hermann og eins og nú horfir í íslenskum stjórnmálum, verður að telja fremur ólíklegt að hann komi þar nokkuð að ráði við sögu framar. Hann ætlaði vafalaust að gera kommúnista sér undirgefna, eða hinn „samstarfshæfa“ hluta þeirra, er hann kallaði svo. Og óneitanlega horfði þannig um tíma, að Moskvudeild flokksins væri að verða áhrifalítil, en það var aðeins stutta stund.

Hlutverk kommúnista í ríkisstjórninni var frá upphafi ákveðið af þeirra erlendu yfirboðurum, en ekki af Hermann Jónassyni, þótt hann héldi það. Verkefni þeirra var eins og endranær þetta: „Að sundra þjóðinni sem mest og skapa sem mesta árekstra milli Íslendinga og annarra vestrænna þjóða“ og „binda Ísland sem föstustum fjárhagsfjöðrum við Rússland og leppriki þess.“ (Dagr. nr. 68, bls. 24).

Hver maður hlýtur að sjá að þetta hefur tekist, og jafnvel betur en húsbændurnar fyrir austan hefði nokkru sinni dreymt um. Þó er lokaáfanginn enn eftir, eins og Jónas segir í áðrunefndri grein, þ. e. að hrekja Ísland úr Atlantshafsbandalaginu og vinna að því eftir megni, að við „vanefnum og svikjum þær skuldbindingar, sem við höfum tekist á hendur sem vestræn lýðræðisþjóð, koma hér á mannvígum og fangelsunum að austrænum síð og innlima Ísland í lepprikjakerfi Sovétríkja-anna“.

Svona langt vildu Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn ekki ganga, og þess vegna slitnaði upp úr stjórnarsamvinnunni, enda var þá hinum gætnari mönnum í báðum þeim flokkum löngu farið að ofbjóða veldi kommúnista innan ríkisstjórnarinnar. En nú er þessu lokið, segja menn, og það kemur ekki aftur. Vonandi reynast þeir sannspáir. En hinum íslensku kommúnistum og aðstoðarmönnum þeirra varð mikið ágengt þetta hálfþriðja ár sem þeir voru í ríkisstjórn að þessu sinni. Húsbændur þeirra fyrir austan hljóta að vera

Norraena listiðnaðarsýningin í París hlaut góða dóma.

Og ekki sízt íslensku verkin.

Norraena listiðnaðarsýningin, sem stóð yfir í Louvre-höllinni í París í nærri þrjá mánuði og lauk um næstsíðustu mánaðamót, fékk mjög góða dóma gesta yfirleitt og gagnrýnenda, og átti stjórn „Íslenzkrar listiðnar“, sem annaðist hina íslensku deild sýningarinnar, fund með blaðamönnum nýverið og sagði þeim undan og ofan af um sýninguna og viðtökunum og sýndu blaðadóma.

Íslenzkir sýnendur voru:

Silfursmiði: Árni B. Björnsson, skrautgripaverzlun: Gyllt stökkabelti, víravirki. Teiknað af Guðmund heitnum Guðnasyni, smíðað af Leifi Kaldal.

Skrautgripaverzlun Jóns Sigmundssonar: Armbönd, skeið o. fl. eftir Jóhannes Jóhannesson. Einnig armband eftir Halldór Kristinsson.

Frú Sigríður Björnsdóttir: Hringar, teiknaðir og smíðaðir af Diter Rot.

Frú Ásdís Thoroddsen: Hálsmen, eigið smíði.

Smellt: Skargripaverzlun Jóns Sigmundssonar: Hálsmen eftir Jóhannes Jóhannesson.

Stólar: „Sindri“ h.f.: Armstóll úr svörtu, möttu stáli, með áklæði frá „Álafossi“.

„Nývirki“ h.f.: Borðstofustóll úr perobaviði, áklæði ofið af frú Guðrúnu Jónasdóttur. Báðir þessir stólar eru teiknaðir af Sveini Kjarval húsgagnaarkitekti.

Vefnaður: Frú Guðrún Jónasdóttir og „Íslenzkur heimilisíðnaður“: Langsjöl og væðarvoðir.

Júlana Sveinsdóttir listmálari: Ofin og hnýtt gólfteppi og veggklæði.

Júlana Sveinsdóttir og frú Ásgerður Búadóttir: Myndvefnaður.

Þrjónles: „Íslenzkur heimilisíðnaður“: Frú Þórdís Egilsdóttir, Ísafirði og frú Jóhanna Jóhannsdóttir, Svínavatni, Húnavatnssýslu: Langsjöl og þrihyrnur.

Þá voru þar servíettubogar eftir Kjartan á Kjaransson húsgagnaarkitekt: Skornir í Palisandervið.


Auk þessa voru þarna nokkrir stílhreinir, fagrir munir úr Þjóðminjasafninu, valdir af Erik Herlów arkitekt sýningarinnar.

Loks má telja vandað hvítt gólfteppi ofið úr íslenskri ull hjá Teppagerðinni Axminster Rvk., 3×3 mtr. að flatarmáli.

ánægðir með frammistöðuna eins og áður var sagt, þótt þeir séu kunnir að því, að gera strangar kröfur til erindreka sinna. Og langan tíma mun þurfa til að bæta allt það tjón, sem þessi ógæfustjórn vann þjóð sinni. Og þetta ævintýri Hermanns Jónassonar hefur vonandi sannfært aðra flokksfóringja um þá staðreynd, að flokkar, sem bera hag sinnar eigin þjóðar fyrst og fremst fyrir þrjósti, geta ekki unnið með kommúnistum.

Hér á eftir fara útdráttir úr dómum þriggja Parísarblaða um sýninguna:

Pariser Kurier: Þó að fimm þjóðir standi að þessari sýningu orkar hún á okkur sem órofa heild. Það vekur undrun að komast að því, hve lífsviðhorf og lífnaðarhættir íbúa þessara landa eru skyldir. Öll



Herðasjal úr fingerðum þelþræði. — Sjalið þrjónaði frú Jóhanna Jóhannsdóttir Svínavatni, Húnavatnssýslu.

um er þeim sameiginleg hin mikla rækt, sem lögð er á hýbýlameninguna. Þetta er staðreynd, sem að sjálfsögðu má að einhverju leyti rekja til veðurfars og legu landanna, en er á hinn bóginn árangur markviss, félagslegs starfs Allt, sem er óþarft, ljótt, tilgerðarlegt, er hér útlægt gert. Styrkleiki þessa nýja lífsstíls, sem sprottinn er upp „lengst í norðri“ byggir á látleysi og fegurð tjáningar og forms Hér er sýnt, hvernig hagnýta má listina á öllum sviðum hins daglega lífs. Árangurinn vekur furðu. Menn spyrja sjálfa sig: Hvers vegna er þetta ekki svona hjá okkur? Sérstaka athygli og aðdáun vekja stólarnir, allt frá skemli til nútísku hægindastóls. Á einstæðan hátt sameina þeir form, fegurð og þægindi

Arts, París: Hér er á ferðinni mikilsverð sýning á nútíma listiðnaði, sem norraenu löndin fimm, Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð standa að. Yfir verkunum, sem þarna eru sýnd, hvílir einingar- og glæsiblaer. Formin hrein og sterk, vinnan fullkomin, litirnir finlegir og skærir, stillinn í senn djarfur og skynsamlegur Norðrið veitir okkur hér góða lexíu í smekkvísi og minnir okkur á þann sannleika, sem okkur hættir við að gleyma um of, að listin er ekki takmörkuð við svonefndar „fagrar listir“ ein-

ar, en á uppsprettu sína í hlutum þeim, sem við notum í daglegu lífi okkar

Revue de Paris, París: Ísland, sem hefir ekki áður sýnt með hinum Norðurlöndunum, hefir nú bæzt í hópinn. Í úrvali því, sem þaðan kom, eru áberandi hin sterku bönd, er tengja nútíma listiðnað þess við eldri hefðir. Gullsmíðin og vefnaðurinn skipta þar mestu máli

Þetta var 4. listiðnaðarsýningin á erlendum vettvangi, sem félagið „Íslenzkur listiðn“ tekur þátt í. Þess má minnast, að á einni sýningunni, í München 1956, hlaut einn þátttakandinn, Ásgerður Búadóttir, gullverðlaun frá ríkisstjórninni í Bayern fyrir myndofið veggklæði.

Stjórn „Íslenzkrar listiðnaðar“ skipa Lúdvíg Guðmundsson skólastjóri formaður, Björn Th. Björnsson listfræðingur ritari og Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður gjaldkeri.

Þess skal getið, að öllum er heimilt að gerast meðlimir félagsins, en höfuðtilgangur þess er að stuðla að því, að hér á landi megi þróast listiðnaður, er standist ströngustu kröfur um listmæti og vandvirkni. Og þátttaka félagsins, fyrir Íslands hönd, í hinum erlendu sýningum, hefir sannað, að slíkt má takast.

Fimmtugur í dag:

Jón Bjarnason fréttastjóri.

Í dag er Jón Bjarnason fréttastjóri hjá Þjóðviljanum fimmtugur.

Við, sem kynnzt höfum Jóni í félagslífi og öðrum störfum á undanfórnum árum, metum Jón og þökkum honum samstarfið. Okkur þykir vænt um hann.

Þessar fáu línur, sem honum eru helgaðar í tilefni afmælisins, eiga enganvegin að rekja æviferil þessa siunga og starfsglaða manns, heldur ætlaðar til að þakka honum gömul og góð kynni, sem góðum félaga og drengskaparmanni.

Jón mun fæddur í Dölum vestur og alinn þar upp — vafalaust af góðu bergi brotinn — hann ber það með sér.

Um nær tvo áratugi hefur Jón starfað að blaðamennsku og nýtur þar bæði hylli og virðingu félaga sinna. Hann hefur góðan stíl og blæbrigðaríkan. Greinar hans og viðtöl bera svipmerki hæfileikamanns og eru æfinlega læsileg og skemmtileg.

Jón hefur starfað lengur en nokkur annar blaðamaður í stjórn stéttarfélags blaðamanna, ýmist sem ritari eða formaður og sýnir það gjörlla hvíllt traust blaðamenn bera til hans.

Það sem þó er mest um vert er það, að Jón er góður drengur og félagi og við félagar hans í blaðamannastétt óskum honum til hamingju með daginn. — Þ. J.

★ Útflutningur frá Bandaríkjunum til landanna austan tjalds jókst á s.l. ári og nam frá jan.—s.ept. 92 millj. dollara, en innflutningur frá þeim nam 48.8 millj., en fyrrnefndur útflutningur nemur tæplega 8/10 af einum hundraðshluta af viðskiptum Bandaríkjanna við önnur lönd.